

## Hverfisnefnd Naustahverfis

### 25. fundur haldinn í Naustajörn þann 10.08.2010 kl. 20:00

Mættir: Hrafnhildur, Gísli Rúnar, Ásdís, Bjarni, Anna Sjöfn og Björk

Dagskrá:

#### 1. Íbúðir aldraðra og hjúkrunarheimili:

Hverfisnefnd Naustahverfis þykir miður hvernig umræða um íbúðir/hjúkrunarheimili fyrir aldraða hefur þróast, þar sem í Naustahverfi er fjölbreytt og blönduð byggð og þar er mjög gott að búa. Íbúðir fyrir aldraðra væri því kærkomin viðbót í þetta hverfi. Einnig viljum við benda á að í Naustahverfi er mjög góður grunnskóli og leikskóli ekki langt frá fyrirhuguðum íbúðum og í áhersluatriðum grunnskólans kemur fram að skólinn vilji hafa gott samstarf við íbúa, félög og fyrirtæki í hverfinu og því ekkert því til fyrirstöðu að koma á spennandi samstarfi þessara eininga. Jafnframt er rétt að benda á að í rammaskipulagi Naustahverfis er gert ráð fyrir leikskóla steinsnar frá fyrirhuguðum íbúðum og í framtíðinni færast byggðin langt suður fyrir fyrirhugað hjúkrunarheimili og þá munu þessar íbúðir ekki vera lengur í útjaðri Akureyrar.

#### 2. Dalsbraut:

Formaður hverfisnefndar hafði haft samband við Geir Aðalsteinsson formann bæjarráðs til að forvitnast um hvað liði framkvæmdum við Dalsbraut þar sem fram hafði komið í máli hans á íbúafundi fyrir kosningar að Dalsbrautin ætti að koma og yrði að koma. Geir sagði að Dalsbrautin hefði ekki verið tekin fyrir hjá meirihlutanum, en sagði að málið yrði tekið fyrir næstkomandi mánudag. Formanni hverfisnefndar falið að óska eftir fundi með meirihlutanum eftir mánudagsfundinn.

#### 3. Fjarvera formanns næstu mánuði:

Hrafnhildur tilkynnti að hún væri að flytja til Reykjavíkur fram að áramótum og því þyrfti einhver að taka að sér formennsku og lyklavöldin á meðan. Bjarni sem er varaformaður gegnir stöðu formanns í fjarveru Hrafnhildar.

#### 4. Njóli:

Fram kom að enginn hefði séð starfsmenn unglingsvinnunnar á svæðinu, nema við Miðhúsabrautina. Hverfisnefndin lýsir því yfir mikilli óánægju vegna vanefnda á lofordi um að unglingsvinnan yrði sýnileg í hverfinu sumarið 2010. Hverfisnefndin telur útlit hvefisnins af bæjarins hálfu vera til skammar og finnst miður ef nafnið Njólalhverfi fær að festast við þetta annars góða hverfi.

#### 5. Aðalfundur:

Hrafnhildur minnti á að halda þyrfti aðalfund í nú í september eða október.

#### 6. Hverfisráð – Hverfisnefnd:

Hverfisnefnd Naustahverfis vill benda á þann mismun sem ríkir á milli hverfisráða og hverfisnefnda í sveitarfélaginu. Hverfisnefnd Naustahverfis dregur þá ályktun að það tilraunaverkefni sem gert var í Hrísey með launuðu hverfisráði hlyti að hafa gefist vel þar sem sama kerfi var tekið upp í Grímsey. Við skorum því á nýja meirihlutann að færa sama kerfi yfir á allar hverfisnefndir/hverfisráð sveitarfélagsins og láta sömu kjör og sömu verkefni yfir alla ganga.

*Björk Guðmundsdóttir ritaði fundargerð*

